




Útgáfa: 8.4.2025 15:27:13
Útfærð: 08/04/2025



Snið 1
1 : 100



Snið 2
1 : 100



Snið 3
1 : 100

Byggingarlýsing

Helstu stærðir:	
Gótuheiti og númer:	Langanesvegur 3b, 680 Þórshöfn
Fasteignanúmer:	F2167839
Landeignanúmer:	L154685
Matslutanúmer sem á við:	05 0101
Húsgærd og hæðarfjöldi:	Hjúkrunar og dvalarheimili 523,0m ² (þar af viðbygging 179,0 m ² (0103))
Birt flatarmál heild:	3099,0m ² (Sameiginleg)
Lóðarstærð:	(356,3+91,8+374,0+148)/3099 = 0,31
Nýtingarhlutfall:	

Lýsing á verkfni:
Hjúkrunarheimilið Naust samanstendur af þremur megin byggingum. Elst er tveggja hæða hús, austasta byggingin. Á jarðhæð er eldhús, geymslur og tvö herbergi, ásamt stiga og lyftu. Á 2. hæð eru þrjú hjúkrunarými með baðherbergjum, snyrting og dagvistun. Árið 2004 er byggð einnar hæðar bygging til austurs með 9 hjúkrunarýmum, matsal, setustofu, baðherbergi, vaski, skoli og lyfjaherbergi. Einnig er byggð ný forstofa / inngangur að austan. Gerðar voru töluverðar endurbætur á elsta hluta hjúkrunarheimilisins árið 2024 sem var áfangi 1 í endurbótaferlinu, var þá húsið klætt að utan, skipt um alla glugga og hjúkrunarýmum breytt, þau sameinuð og sett snyrting inn á þau.

Viðbygging Áfangi 2
Um tæðir einnar hæðar viðbygging, stækkun og endurbætur á núverandi miðrymi.
Í nýbyggingu verður nýtt eldhús og þvottahús. Baðaðstaða, skól og lyfjarými eru í núverandi en verða stækkuð og endurbætt, að hluta til inn í viðbyggingu.
Núverandi þvottahús verður aflagt og því rými breytt í starfsmanninngang, lager og vörumóttöku.
Útveggir eru hefðbundnir, einangrunarfyllt timburgrin, klædd að utan með loftræstri klæðningu, báruál og lerkí. Þak hefðbundið pappalagt með asfalt pappa, byggt upp með einangrunarfylltum bjálkaspernum.
Nýtt þak verður byggt heilt í samfélli yfir núverandi starfsmannaðstöðu og inngang.

Aðkoma: (112/2012 4.3.9. gr.)
Komið er að húsi frá langanesvegi. Sama aðkoma og er nú, bilastæði sömu og eru nú.
Aðgengi starfsmanna er um nýjan inngang þar sem áður var þvottahús. Engin breyting er á aðgengi fyrir vistfólk og almenning.
Timbubundin skrifstofa sem staðsett við austur enda á eldri tveggja hæða álmu verður aflög og flutt í burta að lokinni framkvæmd og þegar öryggis- og lokaúttækt hefur farið fram.

Algild hönnun: (112/2012 6.1.3. gr.)
Mannvirkið er hannað á grundvelli algildrar hönnunar, þannig að það nýttist öllum, allir geti ferðast um það og athafnað sig án sérstakrar aðstoðar.
Starfsmanninngangur og inngangur fyrir kúna er á jarðhæð. Lyfta er í húsinu upp á 2. hæð.

Sökkjar og botnplata: (112/2012 4.3.9. gr.)
Sökkjar eru hefðbundnir steyptr, sökkjar skulu reistr á burðarhæfum, frostfríum jarðvegi. Sökkjar eru einangraðir að utan, klæddir með sementsbundnum klæðningum í dökk gráum lit. Járnbundin botnplata er tengd við sökkla. Botnplata er á frostfrírri og burðarhæfri fyllingu. Undir botnplötu er einangrun. Fylling skal vera burðarhæf. Nánari útfærsla staðfestist af burðarþolshönnuði.

Útveggir: (112/2012 4.3.9. gr. / 9.9.2. gr.)
Einangrunar fyllt timburgrind, klædd að utan með loftræstri, klæðningu, lítað báruál (litur dökk grár og lerkí, ómeðhöndlað).
Gluggar og hurðir eru ál/tré, hvítr að innan, dökkgráir að utan.

Þak: (112/2012 4.3.9. gr. / 9.9.2. gr.)
Hefðbundið, með álögðum asfaltpappa, litur svart.

Innveggir / innihurðar: (112/2012 4.3.9. gr.)
Nýir innveggir:
Allir nýir innveggir uppfylla brunaaðskilnaðarkröfu. El60. Einangrunarfyllt 95mm stálgrind, klædd með einu lagi af trefjagífsi beggja megin. Innihurðar skulu uppfylla kröfu um bruna og hljóð (sjá að teikningu).

Loftaefni: (112/2012 9.6.8. gr.)
Plötuklædd, niðurtæknir hljóðsogandi loft. Loftaklæðningar eru í fl. 1

Gólfefni: (112/2012 9.6.9. gr.)
Gólfdukar, línoleum á öðrum rýmum en votrymum, þar er PVC (vínill).

Loftgæði og loftræsing: (112/2012 10.2. gr.)
Loftræsing er um hurðir og glugga, Vélræn loftræsing er í eldhúsi, uppvaski, snyrtingu og skoli.

Varmæinangrun: (112/2012 13.3.2. gr.) skal uppfylla kröfu um U-gildi (Wm2k) sem eru:	
Þak:	<0,20
Útveggur (steypdur)	<0,40
Léttur útveggur	<0,30
Gluggar:	<2,00
Hurðir:	<3,00
Ofanljós:	<2,00
Gólf á fyllingu	<0,30

Brunavarnir: (112/2012 4.3.9. gr.)

Notkunarskilmálar vegna brunavarna
Eldhússluti er á einni hæð og telst til notkunarflokk 1, en byggingin að öðru leyti telst almennt til notkunarflokks 5. Brunaálag skal vera undir 800 MJ/m².

Brunaviðvörðun
Í byggingunni allri er sjálfvirkir brunaviðvörðunarkerfi tengt víðurkenndri vaktistöð skv. leiðbeiningum HMS og ÍST EN 54, með stjórnstöð við starfsmannainngang að vestanverðu, við hana skal vera dagsett yfirlitsmynd kerfis. Einnig er útstöð kerfis m.a. á aðkomuhæð (2. hæð) að austurstigahúsi. Reykskynjarar í eldhúsi skulu vera fjölskynjarar (fyrir hita og reyk). Næmnisstilling skal vera möguleg í minnst 5 þrepum og stillanleg eftir tíma dags. Sjálfvirkir slökkvikerfi í háfi skal tengt þannig að brunaviðvörðunarkerfið fari í gang við ræsingu slökkvikerfisins. Eftir breytingar skal kerfið yfirfarið í heild sinni og virkni þess tryggt.

Sjálfvirk slökkvikerfi
Slökkvikerfi í eldhúsháf skal geta virkjað sjálfvirk og handvirk, búið sjálfstæðri virkni þannig að bili annar skal hinn enn vera virkur. Við virkjun kerfisins skal slökkt sjálfvirk á öllum orkujöfum að öllum eldunartækjum sem eru undir sama háf og senda boð til brunaviðvörðunarkerfis notkunarainngarinnar. Handboði sem getur ræst eldhússlökkvikerfið skal staðsettur í rýmingarleið frá áhættunni. Hæð hans frá gólf skal vera milli 1.0 - 1.2 m. Nánari útfærsla skal vera í samræmi við leiðbeiningar HMS nr. 6.048. Lagnahönnuður vinnur sérupprátt fyrir slökkvikerfi í eldhúsi.

Handslökkvibúnaður
Handslökkvitæki skulu vera skv. ÍST EN 3, staðsett skv. aðaluppdrætti. Næst eldunarflinu skal vera tæki ætlað á steikingarfeiti, með slökkvigetu a.m.k. 21A, 144B og 75F. Annars almennt léttvatnstæki með slökkvigetu a.m.k. 21A og 183B. Framan við tækinými í kjallara skal vera eitt CO2 tæki með slökkvigetu a.m.k. 50B. Í eldhúsi skal einnig vera eldvarnarteppi.

Neyðarlýsing og leiðamerkingar
Í byggingunni skulu leiðamerkingar og neyðarlýsing vera skv. leiðbeiningum HMS, ÍST EN 1838 og ÍST EN 50172. Neyðarlýsing á skilgreindum flóttaleiðum verður 1 lúx, en 5 lúx við öryggisbúnað og í tækinými. Í eldhúsi þar sem heit vinna fer fram skal neyðarlýsing vera að lágmarki 15 lúx.

Rýming við eldsvoða
Flóttaleiðir eru sýndar á aðaluppdráttum og leiðamerkingar með ÚT merkingum. Skylt er að setja upp rýmingaráætlun fyrir bygginguna í samræmi við reglur HMS og Vinnuettirlitsins.

Klæðningar
Flokkun klæðninga er skv. ÍST EN 13501-1. Klæðningar innanhúss skulu uppfylla K210 B-s1, d0 (flokkur 1). Gólfefni skulu uppfylla að lágmarki flokki Dfl-s1. Engar breytingar eru gerðar á ytra byrði byggingarinnar sem er steinsteypt.

Brunahöfufun
Brunahöfufun er sýnd á teikningum. Eldhús myndar aðskilið EI60 brunahöf, almennt með EI230-CS200 hurðum. Gengið skal frá glugga í innhorni útveggjar norðvestur með EW30 frágangi.

Loftræsikerfi
Loftræsikerfum er ekki ætlað sérstakt hlutverk í bruna en ganga skal þannig frá þeim að þau hvorki rýri brunahöfufun byggingar né stuðli að útbreiðslu hita og reyks. Loftrásir, ætlaðar til að flytja eim frá eldunaraðstöðu, skulu vera með heilsöðnum samsetningum og ganga öfrofnar út. Efni í loftrásum skal almennt vera úr öbrennanlegum efnum A2-s1,d0 skv. ÍST EN 13501-1 og með bræðslumark ekki lægra en 850°C. Þær skulu hafa viðeigandi eldvarnarbúnað og fitugildrur og þannig gerðar að auðvelt sé að hreinsa þær.
Útsögsrör ættuð til að flytja eim frá eldhúsi skulu ekki á nokkurn hátt tengjast öðrum hlutum loftræsikerfa í byggingu. Það er ekki samþykkt að nota snúin rör sem útsögsrör innandyrna, þar sem þau eru ekki vökvapött og uppfylla ekki efniskröfur. Ganga skal frá útblæstri þannig að ekki sé hætt á útbreiðslu elds eða íkvikun utanhúss. Lagnahönnuður vinnur sérupprátt fyrir loftrási frá eldunaraðstöðum. .

Aðstaða slökkviliðs
Byggingin er um 1 km frá slökkvistöðinni við Bakkveg 11 víðbragðstími er metinn undir 10 mínútum skv. brunavarnaáætlun Langanesbyggðar. Ekki er að byggingunni frá Langanesvegi.
Stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis ásamt yfirlitsmynd er í starfsmannaanddyri að austanverðu.

Burðarvirki við bruna
Burðarvirki byggingarinnar R 30 (veggir og þak) er timbur steinsteypt og eru óbreytt.


Viðhald brunavarna
Skylt er að gera þjónustusamning við víðurkenndan aðila um viðhald og eftirlit á brunaviðvörðunarkerfi. Gera skal þjónustusamning um viðhald á neyðarlýsingu, handslökkvibúnað og sjálfvirkum slökkvikerfi í háfi. Setja skal upp kerfi eigið eldvarnaeftirlitskerfi fyrir bygginguna.

Lagnir og tæknibúnaður: (112/2012 4.3.9. gr.)
Hitakerfi viðbyggingar er lokað kerfi, gólfhiti, lagt í steypit gólf. Vatn er rafhitað. Nánari lýsing á laganuppdrætti hitakerfis.
Allar nýjar lagnir skulu vera skv. gildandi reglum og stöðlum þ.m.t. 112/2012 14. kafla
Allar þrýstlagnir skulu þrýstiprófaðar. Neysluvatnslagnir eru lagðar í gólf og veggjum.
Hitakerfi er gólfhiti
Affallslagnir skulu vera af samþykktri gerð, leiðdar undir hellu, út fyrir þökkul. Setja skal hreinsibrunn þannig að aðgengi sé að öllum lögnum / endum. Lagt er sérstaklega fyrir regnvatni í regnvatns brunn að lóðarmörkum við tengingu kerfis. Sama gildir um skólp.
Skóplagnir frá eldhúsi verða tengdar við fituskilja. Fituskilja er staðsett í norðanverðu bilastæði.

Tæknibúnaður: (112/2012 4.3.9. gr.)
(112/2012 - 14.1.1. gr.)
Við hönnun og gerð lagna og annars tæknibúnaðar bygginga skal gæta að öryggi, aðgengi, hollustu, umhverfi og orkunýtingu allan líftíma byggingarinnar. Jafnframt skal gæta að þægindum allra notenda byggingarinnar s.s. vegna birtuskilyrða, hljóðvistar og gæða innlofts. Rekstraröryggi alls tæknibúnaðar skal tryggt að því marki sem unnt er og viðhald og endurnýjun skal vera auðfrákvæmanleg. Almennt skal staðsetja lagnir þannig að hægt sé að greina leka sem kemur fram áður en hann veidur skemmdum og að auðvelt sé að komast að lögnum til víðgerðar.

Frágangur lóðar: (112/2012 7.2 kafl.)
Lóð / rask vegna viðbyggingar verður aðlagðað aftur að núverandi lóð. Umhverfis viðbyggingu verður hellulagður stigur og lítill vernd. Gras og gróður eftir atvikum þar sem land er aðlagðað í hæðarmismun og að núverandi lóð. Bilastæði verða eins og þau eru núna.

Meðhöndlun sorps:
Öll meðhöndlun sorps skal vera í samræmi við gildandi lög og reglur Hollustuverndar og sveitafélagsins.



1	08/04/2025	Útgáfa	AE	AE
Útg.	Dags.	Skýring	Br.af:	Samp.af:
Verkhelt:				
Dvalarheimilið Naust				
Heimilisfang:				
Langanesvegur 3b, 680 Þórshöfn				
Verktægund:				
Viðbygging / Breytingar - Áfangi 2				
Landnúmer:				
L154685				
Snið og byggingarlýsing				
Hannað af: AE				
Matshluti: 05				
Teiknað af: AlH				
Mælikvarði: 1:100				
Yfirlit af: AE				
Dagsetning: 08/04/2025				
Samþykkt:				
Almar Eggertsson, BFI, kt: 260577-4179				
FAGLAUSN				
FRAMKVEMDIR - RÁÐGJÖF - HÖNNUN				
Faglausn ehf., faglausn@faglausn.is http://www.faglausn.is/				
Gæðarsbraut 18a, 640 Húsavík - Skipagata 16, 600 Akureyri				
Aðaluppdráttur				
12018				
Verknúmer				
A.1.03.01				
Teiknínúmer				
1				
Útgáfa				
HÖNNUÐUR ÁSKILUR SÉR ALLAN RÉTT Á TEIKNINGUM - FJÖLÞÓÐUN ER HAD SKRIFLEGU SAMÞYKKI				